

Rektor setti fund kl. 12:15.

Mættir voru auk hans:

Baldur Guðnason fulltrúi menntamálaráðherra  
Hjálmar Stefán Brynjólfsson fulltrúi nemenda á símafundi (3. 7. og 8. dagskr.)  
Sólveig Ása Árnadóttir fulltrúi kennara  
Þóroddur Bjarnason fulltrúi kennara

Aðrir mættir:

Laufey Sigurðardóttir ritari rektors  
Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri  
Úlfar Hauksson forstöðumaður

Gestir:

Bragi Guðmundsson dósent (8. dagskr.)  
Ingi Rúnar Eðvarðsson deildarforseti viðskipta- og raunvísindadeildar (4. dagskr.)  
Sigrún Magnúsdóttir gæðastjóri (3. og 7. dagskr.)

---

Rektor kynnti dagskrá.

**1. Fundargerð 262. fundar**

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.

**2. Undirbúningur að þriggja ára starfs- og rekstraráætlun**

Rektor greindi frá því að þann 4. mars mun framkvæmdastjórn halda vinnufund þar sem byrjað verður að vinna að þriggja ára starfs- og rekstraráætlun. Unnið verður með tillögum starfshópa um gæði kennslu og eflingu rannsóknavirkni og tillögum frá deildum um námsframboð. Rektor vakti athygli á framkomnum tillögum starfshóps um eflingu rannsóknavirkni. Háskólaráð samþykkti að fela fulltrúum kennara að fara yfir tillögurnar og skila álitni sínu til rektors fyrir fundinn 4. mars.

**3. Skýrslur sérfræðinefnda um viðurkenningar á fræðasviðum**

Sigrún Magnúsdóttir kynnti skýrslur sérfræðinefnda um viðurkenningar á fræðasviðum auðlindavísinda, félagsvísinda og heilbrigðisvísinda. Háskólanum hefur verið gefinn kostur á að gera athugasemdir við skýrslurnar. Skýrslurnar eru sendar sem trúnaðarmál og verður efni þeirra ekki gert opinbert fyrr en að málsmeðferð lokinni og ákvörðun menntamálaráðherra um viðurkenningar liggur fyrir.

**4. Námsskipulag fyrir raunvísindaskor**

Ingi Rúnar Eðvarðsson gerði grein fyrir tillögum viðskipta- og raunvísindadeildar um skorarskiptingu í deildinni og endurskipulag námsframboðs á raunvísindaskor. Háskólaráð samþykkti tillögurnar.

**5. Samningur við RES**

Háskólaráð staðfesti þjónustusamning milli HA og RES sem undirritaður var 5. febrúar sl. og samþykkti jafnframt framkomnar breytingatillögur við samninginn.

**6. Byggingamál**

Menntamálaráðherra tók fyrstu skóflustungu að IV áfanga nýbygginga þann 9. febrúar sl. Rektor sagði að á þessum tímamótum hefði verið ákveðið að leysa bygginganefnd háskólans frá störfum en í henni hafa setið auk rektors þeir Þórhallur Arason skrifstofustjóri í fjármálaráðuneyti og Örlygur Geirsson skrifstofustjóri í menntamálaráðuneyti. Háskólaráð fól rektor og Ólafi Halldórssyni að gera nýtt skipulag varðandi utanumhald vegna framkvæmda og byggingamála háskólans.

**7. Tillaga að reglum um veitingu viðurkenninga til starfsmanna HA**

Sigrún Magnúsdóttir gæðastjóri kynnti tillögu gæðaráðs að reglum um veitingu viðurkenninga til starfsmanna HA. Háskólaráð samþykkti reglurnar með breytingum.

**8. Dómnefndarálit**

Bragi Guðmundsson formaður dómnefndar HA gerði grein fyrir dómnefndarálitum sem lágu fyrir fundinum.

Háskólaráð samþykkti dómnefndarálit um hæfi Elísabetar Hjörleifsdóttur. Dómnefnd mat hana hæfa til að hljóta framgang úr stöðu lektors í stöðu dósents. Háskólaráð samþykkti dómnefndarálit um hæfi Jórunnar Elíadóttur. Dómnefnd mat hana hæfa til að hljóta framgang úr stöðu lektors í stöðu dósents.

Háskólaráð samþykkti dómnefndarálit um hæfi Edwards Hákonar Huijbens til að gegna stöðu háskólakennara við HA í tengslum við umsókn hans um stöðu forstöðumanns Ferðamálaáseturs Íslands og dósents/prófessors við viðskipta- og raunvísindadeild. Dómnefnd mat hann hæfan til að gegna stöðu dósents við viðskipta- og raunvísindadeild háskólans.

**9. Málstefna HA**

Á fundi háskólaráðs þann 3. desember sl. kynnti Brynhildur Þórarinsdóttir tillögu starfshóps að málstefnu Háskólans á Akureyri. Háskólaráð samþykkti að senda tillöguna til umsagnar í deildum háskólans. Lögð var fram ný tillaga þar sem tekið hefur verið tillit til athugasemda frá deildum. Háskólaráð samþykkti framkomna tillögu að málstefnu fyrir háskólann.

**10. Breytingar á fundatímum**

Fundir háskólaráðs á vormisseri verða sem hér segir 28. mars, 25. apríl, 16. maí og 18. júní. Fundirnir hefjast kl. 12:15 nema fundurinn 18. júní hefist kl. 9:00.

**11. Önnur mál**

11.1 Til fróðleiks var dreift umsögnum um fumvörp til laga um framhaldsskóla, um grunnskóla, um leikskóla og um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

11.2 Háskólaráð samþykkti tillögu Sigrúnar Magnúsdóttur gæðastjóra, sbr. bréf hennar dags. 21. febrúar sl., um að forstöðumaður kennslusviðs fái fast sæti í gæðaráði.

11.3 Sólveig Ása greindi frá því að fulltrúar kennara í háskólaráði hefðu haldið fund með kennurum þar sem fram komu eftirfarandi fyrirspurnir:

1) Hvenær áætlað væri að halda háskólafund. Rektor sagði að framkvæmdastjórn hefði á fundi sínum 19. febrúar sl. mælt með að háskólafundur verði haldinn 2. apríl nk. og væri það í skoðun.

2) Hvort hægt væri að setja reglur um kosningu fulltrúa kennara í háskólaráð á netið þannig að þær væru aðgengilegar starfsmönnum háskólans. Rektor sagði að kosningar fulltrúa kennara í háskólaráð væru í höndum kennara sjálfra.

3) Hvort hægt væri að hafa meira samráð við starfsfólk þegar teknar væru mikilvægar ákvarðanir. Rektor taldi að mikið samráð væri haft við starfsfólk HA og bæru fundir í framkvæmdastjórn, gæðaráði, deildarfundir og starfsemi margs konar nefnda þess vitni.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 15:50.